

Ytra mat  
Leikskólinn Krakkaborg  
Flóahreppi



MENNTAMÁLASTOFNUN


02214

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir  
© Menntamálastofnun, 2016.  
ISBN ISBN 978-9979-0-2050-9

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	6
Markmið og tilgangur . . . . .	6
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn . . . . .	7
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	7
Starfsmenn. . . . .	7
Húsnæði . . . . .	8
Útileiksvæði . . . . .	8
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	8
Stjórnun . . . . .	9
Stjórnskipulag og skipurit. . . . .	9
Námskrá og áætlanir . . . . .	10
Stjórnun og starfsmenn . . . . .	10
Fagleg forysta . . . . .	11
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	11
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	12
Námsaðstæður . . . . .	12
Starfshættir . . . . .	12
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	13
Námssvið . . . . .	13
Velferð og líðan barna . . . . .	14
Mat á námi og velferð barna . . . . .	14
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	15
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	15
Viðhorf foreldra . . . . .	15
Samstarf við grunnskóla . . . . .	16
Annað samstarf . . . . .	16
Skóli án aðgreiningar . . . . .	16
Sérfræðipjónusta og sérkennsla . . . . .	16
Börn með annað móðurmál en íslensku. . . . .	17
Innra mat . . . . .	17
Skipulag og viðfangsefni . . . . .	17
Gagnaöflun og vinnubrögð . . . . .	17
Opinber birting og umbætur . . . . .	17
Matsþættir. . . . .	18
Samantekt. . . . .	19
Lokaorð . . . . .	21
Heimildir. . . . .	22



## Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd héru.

### **Leikskólinn og umhverfi hans**

Leikskólinn Krakkaborg hóf starfsemi árið 1982, hann er þriggja deilda og þar dvelja 42 börn og 17 starfsmenn. Nýtt og endurbætt leikskólahúsnæði var tekið í gagnið í upphafi árs 2015 og uppfyllir það kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla. Húsnæði og útileiksvæði er rúmgott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum. Hlutfall leikskólakennara af starfsmannahópnum er 22% sem uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu leikskólakennara. Fyrir liggur ákvörðun sveitarfélagsins að styrkja starfsmenn til uppeldisnáms.

### **Stjórnun – Skólabragur og samskipti**

Miklar breytingar hafa verið í stjórnun leikskólans undanfarin ár og hefur núverandi leikskólastjóri einungis starfað við leikskólann í fimm mánuði. Þessar breytingar hafa sett mark sitt á faglegt starf í leikskólanum. Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu sveitarfélagsins og verið er að endurskoða hugmyndafræði og áherslur leikskólans með aðkomu alls starfsfólks. Huga þarf að aðkomu foreldra og barna að þeirri vinnu. Góð samvinna er við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bæði um stuðning við starfsfólk og börn og um símenntun starfsfólks. Starfsfólk metur tækifæri sín til símenntunar vera góð og framboð námskeiða gott. Stjórnunarhættir á leikskólanum eru lýðræðislegir og viðmót stjórnenda gott. Starfsfólk kallaðar þó eftir því að leikskólastjóri komi sterkt inn sem leiðtogi og taki meira af skarið í ákvárdanatöku. Skólabragur og starfsandi er góður og metnaður er í starfsmannahópnum til að vinna vel og auka fjölbreytni námsframboða í leikskólanum. Mikið er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólastarfið en þörf er á að uppfæra hluta þeirra, þ.m.t. öryggis- og rýmingaráætlun leikskólans. Einnig er þörf á að gera fyrirliggjandi myndræna viðbragðsáætlun við slysum sýnilegri á leikskólanum. Skólanámskrá var gefin út 2015 og uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár. Starfsáætlun og símenntunaráætlun er unnin árlega.

### **Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna**

Starfsmenn eru ánægðir með húsnæði og útileiksvæði leikskólans en halda þarf áfram að byggja upp námsefni og bókakost í tengslum við þróun uppeldisstarfsins. Starfsfólk á jákvæð og uppbryggileg samskipti við börnini og þau eru hvött til sjálfshjálpar. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu, börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum. Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár og skipulega er unnið að mati á námi og velferð barnanna. List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði. Auka mætti uppeldislegar skráningar og þátttöku barna í innra mati á starfi leikskólans. Ennfremur mætti auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á skipulag leikskólastarfsins. Ritmál mætti gera sýnilegra í augnhæð barnanna og nýta betur tæki og tól til rannsókna og vínsinda. Vinna ætti samræmdar reglur fyrir leikskólann með aðkomu barnanna.

### **Foreldrasamvinna og ytri tengsl**

Ánægja er meðal foreldra með aðbúnað og starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra. Kosið hefur verið í foreldraráð en það hefur ekki verið kallað saman til fundar það sem af er vetri. Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir sínar á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið. Til fyrirmynnar er hvernig staðið er að samstarfi Krakkaborgar og Flóaskóla og vel er staðið að upplýsingagjöf um börnin við flutning yfir í grunnskólann. Gott samstarf er við nærsamfélagið og er starfsfólk duglegt að fara með börnin í vettvangs- og menningarferðir.

### **Skóli án aðgreiningar**

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og er leikskólinn í góðu samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning. Skipulag sérkennslunnar er í föstum skorðum en æskilegt væri að hún sé til skrifleg. Einnig mætti móta og skrá stefnu leikskólans varðandi börn með annað móðurmál en íslensku. Vel er haldið utan um barnahópinn og öll börn leikskólans eiga jafna hlutdeild í hópnum. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

### **Innra mat**

Árlega er gerð könnun meðal foreldra í gegnum Skólapúlsinn og eru niðurstöður kynntar fyrir fræðslunefnd. Starfsþróunarsamtöl eru einnig nýtt í innra mati leikskólans. Í skolanámskrá eða starfsáætlun þarf að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Gera þarf áætlun um innra mat bæði til lengri og skemmti tíma og gera árlega greinargerð um mat síðasta starfsárs og tímasetta áætlun um umbætur. Leita þarf fjölbreyttari leiða til að meta starfshætti leikskólans og auka tækifæri starfsmanna til að ígrunda starfshætti sína. Einnig þarf leikskólinn að tryggja að raddir barna heyrir í mati á leikskólastarfinu. Leita þarf leiða til að fá foreldraráð og starfsfólk að því að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

## **Inngangur**

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 15. og 17. febrúar 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

## **Markmið og tilgangur**

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>1</sup>.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningar-málaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

<sup>1</sup>Lög um leikskóla nr. 90/2008.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi<sup>2</sup>. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í byrjun febrúar á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdu um framfæri við úttektaráðila. Matsmenn dvöldu two daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýniviðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Alls var talað við níu starfsmenn af sautján. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, foreldra og barna voru valdir með slembiúrtaki. Haft var samband við formann fræðslunefndar Flóahrepps.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til<sup>3</sup>. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Leikskólinn

Leikskólinn Krakkaborg hóf starfsemi árið 1982 og var þá rekinn af foreldrum<sup>4</sup>. Árið 1996 tóku Hraungerðishreppur og Villingaholtshreppur við rekstri leikskólans og árið 2004 bættist Gaulverjabærjarhreppur í hóp rekstraraðila. Í dag er Flóahreppur rekstraraðili. Leikskólinn hefur haft aðsetur á þremur stöðum, fyrst í Villingaholtsskóla, þá í félagsheimilinu Þingborg og loks í grunnskólahúsnaðinu í Þingborg. Nýtt og endurbætt leiskólahúsnaði var tekið í gagnið í upphafi árs 2015. Leikskólinn er þriggja deilda og þar dvelja 42 börn á aldrinum níu mánaða til sex ára, 18 stúlkur og 24 drengir. Ekkert barn nýtur sérkennslu og ekkert barn hefur annað móðurmál en íslensku<sup>5</sup>. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45–17:00.

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 17 starfsmenn, þar af 16 konur og einn karlmaður. Fjöldi leikskólakennara er fjórir og er hlutfall þeirra af starfsmannahópnum 22%. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einn starfsmaður er í grunnskólakennaranámi, tveir starfsmenn hafa lokið uppeldistengdu háskólanámi og tveir eru með aðra háskólamenntun. Einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi og tveir starfsmenn eru með verk- eða iðnmenntun. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir. Einn matráður starfar við skólann. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að sveitastjórn hefur ákveðið að veita 600.000 króna styrk á starfsárinu til starfsmanna sem eru í eða hafa hug á að stunda uppeldisnám með starfi<sup>6</sup>.

<sup>2</sup>Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

<sup>3</sup>Sjá nánar í lok skýrslunnar.

<sup>4</sup>Skólanámskrá Krakkaborgar.

<sup>5</sup>Upplýsingar frá leikskólastjóra.

<sup>6</sup>Viðtal við leikskólastjóra.

Stjórnunarhlutfall leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er 120%. Staða aðstoðarleikskólastjóra er 20% og á móti er hann í 80% starfi sem deildarstjóri, báðir eru þeir leikskólakennrarar. Verkefnisstjóri í list- og verkgreinum og sérkennslustjóri eru einnig báðir leikskólakennrarar. Aðrir stjórnendur eru tveir deildarstjórar, annar er með BS gráðu í sálfræði og hinn er í leikskólaliðanámi.

Miklar breytingar hafa verið í stjórnun leikskólans undanfarin ár og hefur núverandi leikskólastjóri aðeins starfað við leikskólan frá því síðastliðið haust. Tveir leikskólastjórar sem störfuðu á undan honum voru einungis í nokkra mánuði. Meiri stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum og hefur ákveðinn kjarni starfað lengi í leikskólanum.

## Húsnæði

Árið 2013 kom upp myglusveppur í húsnæði leikskólans og var þá farið í miklar endurbætur, húsnæðið var rifið að stórum hluta, endurbyggt og stækkað<sup>7</sup>. Húsnæðið er um 520 fermetrar og er mjög rúmgott miðað við fjölda barna. Það uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Húsnæðið er vel skipulagt og býður upp á tækifæri til fjölbreyttra verkefna. Það er bjart og hljóðvist góð. Hver deild hefur til umráða rúmgóða leikstofu, hvíldarherbergi, salerni og fataklefa. Auk þess eru í sameiginlegu rými listaherbergi og rúmgóður gangur sem er nýtt fyrir einingakubba og bókasafn. Tvö minni herbergi í sameiginlegu rými eru ekki nýtt fyrir börnin og sögðu starfsmenn að verið væri að vinna í að skoða möguleika á að nýta þau betur. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal í félagsheimilinu í Þingborg sem stendur við leikskólan. Vinnurými er fyrir sérkennslustjóra og sérfræðibjónustu, sem jafnframt er notað fyrir foreldravítötöl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með sameiginlega vinnuaðstöðu. Undirbúningsherbergi er fyrir starfsmenn, setustofa, hreinlætisaðstaða, fatahengi og læstir skápar. Framleiðslueldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum.

Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir foreldra í tengslum við innra mat leikskólans í mars 2015 eru foreldrar almennt ánægðir með húsnæðið<sup>8</sup>. Foreldrar í rýnihópi töldu aðbúnað góðan en bentu þó á að salernisaðstaða barna væri opin sem gæti truflað eldri börnin<sup>9</sup>. Einnig nefndu þau að lýsingu á planinu við leikskólan væri ábótavant.

## Útileiksvæði

Útileiksvæði Krakkaborgar er stórt, vel skipulagt og býður upp á mikla möguleika til leikja og náms. Þar er meðal annars lítt skógarlundur með aðstöðu til að sitja og grilla. Á útileiksvæðinu er gott aðgengi að salernisaðstöðu. Sér útisvæði er fyrir yngstu börnin.

## Hugmyndafræði og áherslur

Samkvæmt skólanámskrá, sem gefin var út 2015, er uppeldisleg sýn Krakkaborgar að skapa börnunum örвandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni þeirra er drifkraftur í þekkingarleit<sup>10</sup>. Í skólanámskránni kemur fram að starfað er eftir framfarastefnu John Dewey um að þroski barnsins stjórnist af umhverfinu og meðfæddri þörf þess til þroska. Lögð er áhersla á að efla gagnrýna og skapandi hugsun, kveikja áhuga barnanna og gefa þeim tækifæri til að læra með því að rannsaka og framkvæma sjálf. Lögð er áhersla á leik barna og skapandi starf. Markmið Krakkaborgar eru að börnin læri sjálfsstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þau fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir og þau upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi.

<sup>7</sup>Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>8</sup>Skólapúlsinn: Foredrakönnun 2015.

<sup>9</sup>Rýnhópur foreldra.

<sup>10</sup>Skólanámskrá Krakkaborgar.

Fram kom í viðtali við leikskólastjóra og í rýnihópi deildarstjóra að verið er að endurskoða stefnu og áherslur leikskólans og því endurspeglæði leikskólastarfið ekki fyllilega þá stefnu og áherslur sem birtar væru í skólanámskrá. Meðal annars væri verið að lítu til þess að auka vægi list- og verkgreina með hliðsjón af Reggio Emilia hugmyndafræðinni og einnig er áhugi á að sækja um þátttöku í verkefninu *Skólar á grænni grein*. Ætlunin er að endurskoða dagskipulag og auka frelsi barnanna í leik og starfi.

Einkunnarorð Krakkaborgar eru: *Hugur – Hjarta – Hönd*<sup>11</sup>. Einkunnarorðin eru búin að vera lengi að sögn starfsmanna og eru þau sömu og í Flóaskóla. Þau voru ekki mjög sýnileg í leikskólanum og starfsfólk í rýnihópi taldi að starf á deildum taki ekki mikið mið af þeim<sup>12</sup>.

### Styrkleikar

- Húsnæði er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Útileiksvæði gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Fyrir liggur ákvörðun sveitarfélagsins að styrkja starfsmenn til uppeldisnáms.
- Verið er að endurskoða hugmyndafræði og áherslur leikskólans með aðkomu alls starfsfólks.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Loka ætti betur af salernisaðstöðu barna og bæta lýsingu á plani við leikskólann.
- Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Leita þarf leiða til að auka aðkomu foreldra og barna að stefnumótun leikskólans.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Flóahreppur er rekstraraðili leikskólans Krakkaborgar<sup>13</sup>. Fræðslunefnd hreppsins fer með málefni leikskólans fyrir hönd sveitarstjórnar og eiga foreldrar og starfsfólk áheyrnarfulltrúa á fundum. Fræðslunefndin fundar átta sinnum á ári og situr leikskólastjóri fundina og leggur fram skýrslur um starfsemi leikskólans. Í samtali við formann fræðslunefndar kom fram að nefndin sinnir formlegu eftirliti og umsögnum um áætlanir, s.s. starfsáætlun, skólanámskrá, og fær kynningu á niðurstöðum innra mats. Að sögn formannsins hefur samstarf við leikskólann verið gott. Flóahreppur er einn af rekstraraðilum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sem er helsti ráðgjafaraðili leikskólans. Þar starfa meðal annarra leikskólaráðgjafi og sálfræðingur, sem leikskólinn getur leitað til, auk þess sem skólapjónustan stendur fyrir námskeiðum sem leikskólinn getur nýtt sér. Flóahreppur er með samning við talmeinafræðing sem kemur í leikskólann eftir þörfum. Heilsugæslan á Selfossi veitir einnig ráðgjöf um heilsu og þroska barna. Flóahreppur hefur mótað skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf í sveitarféluginu og endurspeglar leikskólastarfið áherslur hennar. Skólastefna Flóahrepps var unnin 2012–2013<sup>14</sup>. Í henni kemur fram framtíðarsýn sveitarfélagsins í skóla- og frístundamálum, gildi, markmið og aðgerðir. Skólastefnan var unnin með þátttöku allra í sveitarféluginu að sögn foreldra í rýnihópi. Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

<sup>11</sup>Starfs- og símenntunaráætlun Krakkaborgar skólaárið 2015–2016.

<sup>12</sup>Rýnhópur starfsmanna.

<sup>13</sup>Skólanámskrá Krakkaborgar.

<sup>14</sup>Starfs- og símenntunaráætlun Krakkaborgar skólaárið 2015–2016.

## Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Krakkaborgar var endurskoðuð og gefin út árið 2015. Vinna við hana fór fram á starfsdögum og tók allt starfsfólk þátt í gerð hennar. Foreldrum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við námskrána þegar drög að henni lágu fyrir, hún var kynnt á foreldrafundi og einnig fékk foreldraráð hana til umsagnar. Börnin komu ekki að vinnu við skólanámskrá. Skólanámskráin uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þó vantar að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í skólanámskrá þarf enn fremur að koma fram hvaða upplýsingar fylgja barni á milli leikskóla eða í grunnskóla samkvæmt reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009. Starfsáætlun 2015–2016 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Símenntunaráætlun Krakkaborgar er hluti af starfsáætlun leikskólans og endurspeglar hún áherslur leikskólans.

Foreldrahædbók er til og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Starfsmannahandbók með greinagóðum upplýsingum fyrir starfsfólk er til. Áfalla- og slysaáætlun Krakkaborgar er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og hefur hún að geyma áætlun um viðbrögð við áföllum, viðbragðsáætlun slysa og rýmingaráætlun. Upplýsingar í áætluninni eru að hluta til úreltar og miðar rýmingaráætlun t.a.m. ekki við núverandi húsnæði leikskólans. Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu og unnið er eftir henni.

## Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi leikskólans mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnistjóri list- og verkgreina<sup>15</sup>. Stjórnendur skipta með sér verkum og er verkaskipting þeirra skýr. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar skólaárið 2015–2016 eru fimm og starfsmannafundir sex. Deildarstjórafundir eru haldnir vikulega. Fundargerðir eru ritaðar eftir alla fundi og starfsfólk er beðið um að kynna sér efni þeirra og kvitta fyrir að hafa lesið<sup>16</sup>. Deildarfundir eru á dagskrá aðra hverja viku en falla oft niður vegna manneklu. Reynt er þó að hafa deildarfundir ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Bent var á að vettvang vantaði til faglegrar umræðu fyrir leikskólakennara til að fara yfir hvað gengi vel og hvað mætti betur fara með hliðsjón af stefnu leikskólans og þeim þróunarverkefnum sem í gangi eru.

Árlega er auglýst eftir leikskólakennurum til starfa í samræmi við lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda<sup>17</sup>. Allt starfsfólk undirritar ráðningarsamning þar sem fram kemur ákvæði um trúnað og þagnarskyldu en leikskólastjóri hefur fram til þessa ekki leitað eftir leyfi til að athuga sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna. Farið er eftir skráðu ferli við móttöku nýrra starfsmanna en að mati deildarstjóra er þörf á að endurskoða það og uppfæra<sup>18</sup>. Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir. Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma<sup>19</sup>. Upplýsingaflæði innan leikskólans er að sögn starfsmanna yfirleitt gott.

Samkvæmt skráðu verklagi tekur leikskólastjóri starfsþróunarsamtöl í febrúar ár hvert þar sem skilgreindar eru óskir og þarfir starfsmanna fyrir símenntun. Ekki var búið að taka starfsþróunarsamtölín þegar matið fór fram. Að mati deildarstjóra er gott framboð á námskeiðum fyrir fagfólk leikskólans en helst vantar á símenntunartækifæri fyrir ófaglært starfsfólk. Starfsfólk fær gott svigrúm og hvatningu til að sækja sér símenntunar og fara á námskeið og nefndu starfsmenn í rýnihópum að allir starfsmenn færur a.m.k. árlega á námskeið<sup>20</sup>. Allir starfsmenn sækja enn fremur leikskólaping sem haldið er árlega að hausti á vegum skólapjónustu Árnesþings. Starfsdagar eru nýttir til fræðslu og námsferða. Leikskólastjóri sagðist ekki halda skrá yfir símenntun starfsmanna.

<sup>15</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

<sup>16</sup> Rýnihópur starfsfólk.

<sup>17</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>18</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>19</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>20</sup> Rýnihópur starfsfólk.

## Fagleg forysta

Leikskólastjóri hefur einungis starfað í fimm mánuði í leikskólanum og er því enn að fóta sig í starfinu. Áður en hann tók til starfa voru tíð leikskólastjóraskipti og kom það að mati deildarstjóra og starfsmanna í rýnihópum mikið niður á innra starfi leikskólans<sup>21</sup>. Með núverandi leikskólastjóra hefur myndast meiri stöðugleiki og er mikill hugur í stjórnendum og starfsfólk að byggja upp sýn til framtíðar og efla faglegt starf. Á starfsmannafundi í janúar 2016 var hafin vinna við að endurskoða stefnu og áherslur leikskólans með þáttöku allra starfsmanna. Leikskólastjóri vill að eigin sögn vera lýðræðislegur stjórnandi sem deilir verkefnum og ábyrgð á þeim<sup>22</sup>. Starfsfólk í rýnihópum sagðist upplifa stjórnunarhætti lýðræðislega og sögðu að allir gætu komið með hugmyndir og haft áhrif<sup>23</sup>. Bent var á að leikskólastjóri mætti þó taka meira af skarið í ákvarðanatöku og gefa skýrari línum.

Leikskólastjóri fer reglulega inn á yngri deildir til að leysa af og heilsa upp á börn og starfsfólk en ekki í þeim tilgangi að fylgjast með námi og starfi og veita starfsfólk endurgjöf. Endurgjöf til starfsmanna fer mest fram á deildarfundum og situr leikskólastjóri alla deildarfundi. Starfsfólk segir leikskólastjóra vera aðgengilegan og liðlegan en vildu gjarnan að hann væri sýnilegri á deildum og gæfi þeim endurgjöf á vinnuna. Starfsfólk sagðist fá endurgjöf á störf sín frá deildarstjórum<sup>24</sup>.

Börnin í rýnihópi sögðust þekkja leikskólastjóran og nefndu hann með nafni. Þau sögðu hann stundum koma inn á deild til þeirra þegar hann þyrfti að fara á fund og einnig færðu þau stundum í heimsókn til hans. Foreldrum í rýnihópi finnsta leikskólastjóri ekki vera mjög sýnilegur og sögðust gjarnan vilja sjá meira af honum. Þeim finnsta gott að leita til leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, eru ánægðir með viðmót þeirra og segja þá viljuga til að koma til móts við óskir foreldra. Upplýsingaflæði frá stjórnendum er gott að mati foreldra og þeir svara fljótt erindum.

## Starfsandi og starfsánægja

Starfsandi á leikskólanum og skólabragur er að sögn starfsfólks mjög góður<sup>25</sup>. Gagnkvæm virðing og traust ríkir innan starfsmannahópsins. Starfsfólk líður vel í vinnunni sem birtist meðal annars í því að lítið er fjarvistir vegna veikinda. Til að viðhalda góðum starfsanda er starfandi skemmtinefnd og er starfsfólk duglegt að vera með uppákomur í vinnunni og gera hluti saman utan vinnutíma.

Faglegur metnaður er í starfsmannahópnum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott. Viðhorf eru lausnarmiðuð og verkefnin eru framkvæmd. Mannauðurinn er vel nýttur og starfsmenn eru duglegir að deila þekkingu sín á milli. Í vettvangsathugunum var samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda vel sýnileg. Metnaður í starfi, mannaúður og starfsgleði var nefnt í viðtölum sem helstu styrkleikar leikskólans<sup>26</sup>.

## Styrkleikar

- Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu sveitarfélagsins.
- Góð samvinna er við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Gerðar hafa verið leiðbeinandi handbækur fyrir starfsfólk og foreldra.
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir.
- Starfsfólk fær tækifæri til símenntunar og símenntunarframboð er gott.
- Símenntunaráætlun er unnin í samvinnu við starfsfólk og miðast við þarfir leikskólans.
- Stjórnunarhættir eru lýðræðislegir og viðmót stjórnenda er gott.

<sup>21</sup> Rýnihópur deildarstjóra og starfsfólks.

<sup>22</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>23</sup> Rýnhópur deildarstjóra og starfsfólks.

<sup>24</sup> Rýnhópur starfsfólks.

<sup>25</sup> Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra, rýnhópar deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>26</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnhópa deildarstjóra og starfsmanna.

- Skólabragur og starfsandi á leikskólanum er góður.
- Metnaður er í starfsmannahópunum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott.

### Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að endurskoða skólanámskrá þegar hugmyndafræði og áherslur leikskólans hafa verið endurskoðaðar.
- Gera þarf grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Uppfæra þarf upplýsingar í áfalla- og slysaáætlun Krakkaborgar.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun fyrir núverandi húsakynni, gera hana sýnilega á öllum deildum leikskólans og gera rýmingaræfingar reglulega.
- Gera ætti myndræna viðbragðsáætlun slysa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Afla þarf upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Æskilegt er að halda skrá yfir símenntun starfsmanna.
- Endurskoða ætti ferli um móttöku nýrra starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsfólk endurgjöf.

## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með húsnæði og útileiksvæði leikskólans. Verið er að skoða hvernig nýta megi betur sameiginleg rými innan húss fyrir börnin og í undirbúningi er einnig að nýta betur skógarlundinn fyrir útinám. Hjá leikskólastjóra kom fram að áhugi er fyrir að auka ræktun á grænmeti og berjum á útileiksvæði leikskólans<sup>27</sup>. Starfsmenn segjast leggja áherslu á að nýta útileiksvæði vel auk þess sem mikið er farið í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans. Börnin sögðust alltaf fara út á daginn og úti leiki þau sér mjög fallega, nefndu líka að þau fari stundum í gönguferðir<sup>28</sup>.

Efniviður leikskólans er nokkuð ósamstæður og margt orðið slitið, bókakostur er einnig frekar rýr. Skýring á þessu er skemmd sem kom upp í eldra húsnæði leikskólans vegna myglu, húsnæðið þurfti að gera upp og henda miklu af leikföngum og bókakosti. Starfsfólk í rýnihópum nefndi að endurnýjun efniviðar væri ábótavant en sögðu mikið hafa hjálpað að foreldrafélag leikskólans og kennfélög sveitarfélaganna hefðu stutt við leikskólann með fjárframlögum til efniskaupa<sup>29</sup>.

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í val, hópavinnu og útvist. Í viðtölum kom fram að starfsfólk vill gera dagskipulagið sveigjanlegra og auka þannig svigrúm í faglegu starfi. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna var bent á að bæta mætti matinn í leikskólanum með því að bjóða meira upp á mat sem væri unnið frá grunni í leikskólanum<sup>30</sup>.

### Starfshættir

Í skólanámskrá Krakkaborgar kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðislegt samfélag þar sem börn, foreldrar og starfsfólk eru samstarfsaðilar<sup>31</sup>. Deildarstjórar skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum, þjálfa inn nýja starfsmenn og leiðbeina ófaglærðu starfsfólk. Í hópastarfi ákveða hópstjórar verkefnin. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin, það hefur góða yfirsýn og sér til þess

<sup>27</sup> Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

<sup>28</sup> Viðtöl við leikskólastjóra, rýnihópa starfsmanna, foreldra og barna.

<sup>29</sup> Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>30</sup> Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>31</sup> Skólanámskrá Krakkaborgar.

að allir hafi tækifæri til að taka þátt í leik og starfi. Samskipti í daglegum athöfnum eru uppbyggileg, börnin eru hvött til sjálfsjálpar og mikið rætt við þau. Lítið er um samvinnu á milli deilda að sögn starfsfólks.

### Lýðraeði, jafnrétti og þátttaka barna

Í leikskólastarfinu er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barna. Lýðræðisleg þátttaka barna er ekki mikið sýnileg nema í vali þar sem börnin velja sér verkefni og stöku sinnum fá þau að velja hvaða verkefni eru í boði. Starfsmenn segjast alltaf vera tilbúnir að hlusta á börnin og reyna að koma til móts við óskir þeirra. Fram kom í viðtölum við starfsmenn að áhugi er fyrir að bæta þennan þátt og nefndu þeir í því sambandi að þeir vilji losa um dagskipulagið og koma á flæði í leikskólanum, einn dag í viku til að byrja með<sup>32</sup>. Börn í rýnihópi sögðust stundum fá að ráða við hverja þau leika en ekki hvað þau gera<sup>33</sup>.

Starfsmenn ræða mikið við börnin í daglegu starfi og eru tilbúnir að hlusta á sjónarmið þeirra og lögð er áhersla á jafna hlutdeild allra í barnahópnum. Börnin koma ekki að innra mati á leikskólastarfinu og þau hafa ekki komið að því að móta leikskólareglur.

### Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbaðni og vísindi, sköpun og menning*. Formlegt nám fer fram í valstundum og hópastarfi og á útileiksvæði þegar veður leyfir. Óformlegt nám fer fram í daglegum athöfnum.

Unnið er markvist með málörvun, bæði í barnahópnum á deild og í minni hópum eða einstaklingslega eftir því sem þörf er á. Unnið er með eflingu læsis í valstundum og daglegum verkefnum en ritmál er ekki vel sýnilegt í augnhæð barnanna. iPad er notaður til að auka áhuga á bók- og tölustöfum og leggja inn grunn að læsi. Í samverustundum er föst dagskrá, sungið saman, lesin saga og veðurfræðingur spáir í veðrið og samræða er við börnin þar sem þau segja frá því sem þau hafa upplifað í leikskólanum eða heima. Verið er að vinna stefnu um læsi í sveitarfélaginu með aðkomu fulltrúa frá leik- og grunnskóla auk foreldra og sveitarstjórnarmanna.

Unnið er með hreyfingu á margvíslegan hátt, með vikulegum stundum í íþróttasal, vettvangsferðum og í útvist. Boðið er upp á ávexti og grænmeti á hverjum degi. Elstu börn leikskólans fara í ART tíma leikskólanum (e. Aggression Replacement Training)<sup>34</sup> þar sem áhersla er lögð á félagsfærni, sjálfssstjórn og síðferði.

Flokkunarkerfi er í leikskólanum og verið er að ræða hugmyndir um að sækja um þátttöku í verkefninu *Skóli á grænni grein* (grænfáninn). Mikið er notaður endurnýjanlegur efniviður til sköpunar og leiks. Einingakubbar eru staðsettir í sameiginlegu rými á gangi og er þar lögð áhersla á að vinna með grunnhugtök og stærðfræði. Leikskólinn býr all vel að tækjum til vísindastarfs, á m.a. ljósaborð og myndvarpa. Matsmenn sáu ekki þessi tæki notuð í starfinu.

Í leikskólanum er gott rými fyrir skapandi starf og þar starfar verkefnisstjóri í list- og verkgreinum. Öll börn leikskólans fara í minni hópum til verkefnisstjórans og vinna þar að listsköpun undir hans leiðsögn. Á deildum hafa börn frjálsan aðgang að pappír, litum og verðlausu efni til sköpunar. Farið er í skipulagðar menningarferðir nokkrum sinnum á ári, t.d. á bókasafn Selfoss, í ísgerð, á sveitabæi og fleira.

<sup>32</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna.

<sup>33</sup> Rýnihópur barna.

<sup>34</sup> Aggression Replacement Training.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er afslappað og einkennist af samstöðu, virðingu og trausti. Lögð er áhersla á að koma til móts við öll börn út frá þörfum hvers og eins. Foreldrar í rýnihópi segja viðmót starfsmanna gagnvart börnum vera gott og þeim sé hrósad<sup>35</sup>. Þeir voru sammála um að leikskólinn sé fyrir alla og komið sé til móts við þarfir allra barna. Aðlögun yngstu barnanna fer fram með þáttökuaðlögun þar sem foreldrar dvelja fyrstu þrjá dagana í leikskólanum með börnum sínum og taka fullan þátt í starfinu. Í viðtöllum við starfsmenn og foreldra kom fram mikil ánægja með þessa aðferð við aðlögun. Börn í rýnihópi sögðu að þeim þætti gaman í leikskólanum og þeim liði vel þar<sup>36</sup>. Ekki eru til samræmdir reglur fyrir leikskólann innanhúss en til eru reglur um samskipti og hegðun á útileiksvæði. Hver deild hefur sínar reglur varðandi matmálstíma.

## Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna er unnið með skipulegum hætti. Notað er skimunarprófið *Hljóm-2*, sem kannar hljóð- og málvitund og er lagt fyrir elstu börn leikskólans að hausti og í framhaldi af því fá þau sem þess þurfa viðeigandi þjálfun. *TRAS* skráningarlistinn (n: Tidlig registrering af språkudvikling) lagður fyrir reglulega. Hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna. Orðaskil er notað til að meta orðaforða<sup>37</sup>. Skráning fer fram fyrir foreldraviðtol, allt starfsfólk kemur að útfyllingu matslista sem metur alhliða þroska barnanna. Íslenski þroskalistinn er lagður fyrir ef á þarf að halda. Ekki er unnið markvisst með uppeldislegar skráningar í leikskólanum.

### Styrkleikar

- Foreldrar og starfsmenn eru ánægðir með húsnaði og útileiksvæði leikskólans.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði.
- Stjórnendur og starfsmenn hafa metnað til að auka fjölbreytni námsframboða í leikskólanum.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða samsetningu námsefnis og bókakosts í tengslum við þróun uppeldisstarfsins.
- Ræða þarf hvort grundvöllur er fyrir að bjóða oftar upp á mat sem er unninn frá grunni í leikskólanum.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þáttöku barna og áhrif þeirra á skipulag leikskólastarfsins.
- Æskilegt væri að efla uppeldislegar skráningar í leikskólanum.
- Ritmál ætti að gera sýnilegra í leikskólanum og færa niður í augnhæð barnanna.
- Leggja ætti áherslu á að nýta betur þau tæki sem ætluð eru til rannsókna og vínsinda.
- Æskilegt væri að setja samræmdir reglur fyrir leikskólann með aðkomu barnanna.

<sup>35</sup> Rýnihópur forelda.

<sup>36</sup> Rýnhópur barna.

<sup>37</sup> Lesvefurinn.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrír fulltrúar kosnir á foreldrafundi að hausti. Foreldraráð hefur ekki fundað það sem af er vetri og hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur. Fundargerðir foreldraráðs eru ekki aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Haldinn er aðalfundur í september og þar er kosið í stjórn félagsins sem skipuð er þrem foreldrum. Verkefni foreldrafélagsins er að koma að framkvæmd jólaskemmtunar og vorhátiðar ásamt starfsfólki leikskólans. Foreldrar greiða árgjald til félagsins og hefur það mest verið notað til leikfangakaupa fyrir leikskólann<sup>38</sup>. Samskipti við foreldrafélag fara mikið fram í gegnum tölvupóst og hefur aðstoðarleikskólastjóri séð um þau samskipti<sup>39</sup>.

Í skolanámskrá Krakkaborgar kemur fram að áhersla er lögð á góð samskipti við foreldra og að þeir séu ávallt velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu<sup>40</sup>. Kynningarfundur er haldinn fyrir foreldra í september ár hvert þar sem farið er yfir áherslur skólaársins og skipulag. Fyrir framan hverja deild eru upplýsingatöflur, sem nýttar eru til daglegrar upplýsingagjafar um s.s. matseðil, hvernig barnið borðaði, svefntíma, viðfangsefni í hópatíma og ýmis skilaboð. Heimasíða leikskólans er notuð til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra og einnig er fréttum og myndum deilt á feisbókarsíðu fyrir foreldra. Leikskólastjóri sendir foreldrum tölvupóst reglulega og deildarstjórar senda vikulega póst til foreldra með upplýsingum um starfið á deildum<sup>41</sup>. Að sögn deildarstjóra verða langar vegalengdir á svæðinu til þess að foreldrar eiga erfiðara með að koma á marga fundi í leikskólanum.

Árlega er boðið upp á foreldrasamtal í Krakkaborg fyrir foreldra allra barna nema elstu barnanna en foreldrum þeirra er boðið upp á samtal bæði að vori og hausti. Auk þess er foreldrum alltaf velkomið að panta viðtal við deildarstjóra. Góð mæting er í foreldraviðtöl<sup>42</sup>. Foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtöl og þær upplýsingar sem þeir fá þar. Einig eru þeir ánægðir með ráðgjöf og stuðning sem þeim stendur til boða hjá skólapjónustunni. Pátttaka foreldra í leikskólastafinu er ekki mikil en ágæt samskipti á feisbókinni. Foreldrar og stjórnendur segja samstarf foreldrafélagsins og leikskólans vera gott.

### Viðhorf foreldra

Foredrakönnun frá mars 2015 gefur til kynna að almenn ánægja ríki meðal foreldra með leikskólann og námsumhverfi hans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Einig eru þeir ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans<sup>44</sup>. Foreldrar í rýnihópi sögðu að þeir gætu auðveldlega komið sjónarmiðum sínum á framfæri og hlustað væri á þau og reynt að finna leiðir til lausnar. Þeir telja að góður starfsandi ríki í leikskólanum, segja að vel sé tekið á móti börnum og foreldrum og að börnin séu ánægð í leikskólanum. Foreldrar gerðu athugasemd við að börnin drekki öll vatn úr sama glasi þegar þau eru úti. Einig komu fram vangaveltur um hvort elstu börnin væru e.t.v. komin með leiða á leikskólanum og hvort þörf væri á að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir þau og leyfa þeim oftar að fá að vinna með sínum jafnöldrum á útileiksvæðinu. Foreldrar töluðu um gæði þess að börnin fái aðgengi að íþróttasalnum í Þingborg og voru ánægð með hversu duglegir starfsmenn eru að fara með börnin í vettvangs- og menningarferðir. Foreldrar gerðu athugasemdir við að leikskólinn lokar alltaf á sama tíma yfir sumarið og segja það henta illa fyrir suma foreldra<sup>45</sup>.

<sup>38</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>39</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>40</sup> Skolanámskrá Krakkaborgar.

<sup>41</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

<sup>42</sup> Rýnhópur deildarstjóra.

<sup>43</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>44</sup> Skólapúlsinn: Foredrakönnun 2015.

<sup>45</sup> Rýnhópur foreldra.

## Samstarf við grunnskóla

Skipulagt samstarf er á milli Krakkaborgar og Flóaskóla og fara leikskólabörnin reglulega yfir skólaárið í heimsókn í Flóaskóla. Einnig kemur 1. bekkur Flóaskóla í heimsókn í leikskólann. Vorskóli er haldinn í maí og þá fara elstu börnin í Flóaskóla fimm daga í röð til að kynnast skólastarfinu<sup>46</sup>. Foreldrar ánægðir með samstarf leikskólans við Flóaskóla.

## Annað samstarf

Nokkuð samstarf er við nærsamfélagið, s.s. um menningarferðir barnanna og notkun á íþróttasal í Þingborg. Leikskólastjóri fundar reglulega með leikskólastjórum á svæðinu ásamt leikskólaráðgjafa frá skólapjónustu.

### Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Til fyrirmynnar er hvernig staðið er að samstarfi Krakkaborgar og Flóaskóla.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf um börnin til grunnskólans.

### Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Leikskólastjóri þarf að boða til reglulegra funda með foreldraráði.
- Skrá þarf fundargerðir foreldraráðs og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Ræða þarf innan leikskólans hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.

## Skóli án aðgreiningar

### Sérfræðibjónusta og sérkennsla

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri í 40% starfshlutfalli. Hann ber ásamt leikskólastjóra og deildarstjórum ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu og hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsáætlana og endurskoðun þeirra. Leikskólinn nýtur þjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings þar sem starfa kennsluráðgjafar, sálfræðingar og talmeinafræðingur. Í skólanámskrá leikskólans segir að þau börn sem þurfa á stuðningi að halda fari í vinnustundir þar sem unnið er með viðkomandi námssvið í gegnum leiki. Vinnustundir geta bæði verið einstaklings- eða hópstundir. Einstaklingsnámskrá er búin til fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning. Sérkennslustjóri útbýr einstarklingsnámskrá í samvinnu við teymi sem myndað er um viðkomandi barn. Í því eru ráðgjafi/ar frá sérfræðibjónustu, deildarstjóri barnsins, foreldrar og sérkennslustjóri<sup>47</sup>.

Samkvæmt upplýsingum sérkennslustjóra er lögð áhersla á að stuðningur og sérkennsla fari sem mest fram inni í barnahópnum á deildum en einnig sé unnið með börn einstaklingslega eða í minni hópum ef þörf krefur. Sérkennslustjóri segir að samstarf við skólapjónustuna sé mjög gott. Lítill samskipti eru við heilsugæslu önnur en að heilsugæslan lætur vita ef einhver kemur illa út úr fjögra ára skoðun. Sérkennslustjóri segir að börn með sérþarfir séu virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og öll börn eigi jafna hlutdeild í barnahópnum<sup>48</sup>.

<sup>46</sup> Skólanámskrá Krakkaborgar

<sup>47</sup> Skólanámskrá Krakkaborgar

<sup>48</sup> Viðtal við sérkennslustjóra.

## Börn með annað móðurmál en íslensku

Ekki hefur verið mótað verklag um móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

### Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Skipulag sérkennslu er í föstum skorðum.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera skipulag sérkennslu skriflegt.
- Skrá ætti verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.

## Innra mat

### Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að þróaðar hafa verið aðferðir fyrir þátttöku barna í innra mati leikskólans og árlega séu foreldrakönnun og starfsmannakönnun lagðar fyrir. Að auki kemur fram að árlega fari fram starfsþróunarsamtal leikskólastjóra og starfsmanna sem sé hluti af innra mati og þar fái starfsmenn endurgjöf á störf sín<sup>49</sup>. Fram kom í viðtölu og rýnihópum að starfsmannakönnun hafi ekki verið lögð fyrir og börnin hafi ekki aðkomu að innra mati. Byggir því innra matið í raun eingöngu á foreldrakönnun og starfsþróunarviðtölu. Ekki er áætlun um innra mat til lengri eða skemmrí tíma að finna í skólanámskrá eða starfsáætlun.

### Gagnaöflun og vinnubrögð

Viðhorfakönnun foreldra er gerð í gegnum Skólapúlsinn. Leikskólinn hefur fram til þessa ekki nýtt sér að setja inn viðbótarsprungar í könnunina en leikskólastjóri segir það vera í athugun. Faglegt starf á deildum hefur ekki verið metið með formlegum hætti. Deildarstjórar þekktu til gagnaöflunarleiða í innra mati leikskólans en þátttakendur í rýnihópi starfsmanna vissu ekki til þess að innra mat færi fram í leikskólanum<sup>51</sup>.

### Opinber birting og umbætur

Deildarstjórar sögðu að niðurstöður úr foreldrakönnun væru teknar saman í skjal og sendar foreldrum, fræðslunefnd og starfsmönnum. Foreldrar í rýnhópi könnuðust ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum úr foreldrakönnun. Fulltrúi foreldraráðs sagði að niðurstöður síðustu könnunar hefðu verið kynntar fyrir fræðslunefnd. Engar greinargerðir um innra mat eru á heimasíðu leikskólans en víslir að umbótaáætlun er í starfsáætlun leikskólans.

### Styrkleikar

- Árleg viðhorfakönnun er lögð fyrir foreldra í gegnum Skólapúlsinn.
- Starfsþróunarsamtöl eru nýtt í innra mati leikskólans.
- Niðurstöður foreldrakönnunar eru kynntar fyrir fræðslunefnd.

<sup>49</sup> <http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg37.pdf>

<sup>50</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>51</sup> Rýnhópar deildarstjóra og starfsmanna.

## Tækifæri til umbóta

- Móta ætti matsáætlun til lengri og skemmri tíma og birta í skolanámskrá og starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta starfshætti leikskólans og auka tækifæri starfsmanna til að ígrunda starfshætti sína.
- Leikskólinn ætti að leita leiða til að fá alla hagsmunaaðila, börn, foreldra og starfsmenn, að ákvörðunum um innra mat.
- Nota þarf fjölbreyttari aðferðir við öflun gagna í innra mati.
- Tryggja þarf að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta þarf greinargerðir um innra mat á heimasiðu leikskólans og greina styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Í starfsáætlun hvers árs komi fram tímasett umbótaáætlun sem byggir á innra mati síðastliðins árs.

## Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnað úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfí.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarfí.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skolanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskóla-kennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólapróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Krakkaborgar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar og innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

### Styrkleikar

- Húsnæði er rúmgott og vinnuaðstaða barna og starfsfólks er góð.
- Útileiksvæði gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Fyrir liggur ákvörðun sveitarfélagsins að styrkja starfsmenn til uppeldisnáms.
- Verið er að endurskoða hugmyndafræði og áherslur leikskólans með aðkomu alls starfsfólks.
- Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu sveitarfélagsins.
- Góð samvinna er við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Gerðar hafa verið leiðbeinandi handbækur fyrir starfsfólk og foreldra.
- Verlagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir.
- Starfsfólk fær tækifæri til símenntunar og símenntunarframboð er gott.
- Símenntunaráætlun er unnin í samvinnu við starfsfólk og miðast við þarfir leikskólans.
- Stjórnunarhættir eru lýðræðislegir og viðmóti stjórnenda er gott.
- Skólabragur og starfsandi á leikskólanum er góður.
- Metnaður er í starfsmannahópunum og viðhorf til breytinga og þróunar á starfsháttum er gott.
- Foreldrar og starfsmenn eru ánægðir með húsnæði og útileiksvæði leikskólans.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbryggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði.
- Stjórnendur og starfsmenn hafa metnað til að auka fjölbreytni námsframboða í leikskólanum.
- Vel er staðið að aðlögun nýrra barna í leikskólanum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Til fyrirmynnar er hvernig staðið er að samstarfi Krakkaborgar og Flóaskóla.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf um börnin til grunnskólans.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.

- Skipulag sérkennslu er í föstum skorðum.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Árleg viðhorfakönnun er lögð fyrir foreldra í gegnum Skólapúlsinn.
- Starfsþróunarsamtöl eru nýtt í innra mati leikskólans.
- Niðurstöður foreldrakönnunar eru kynntar fyrir fræðslunefnd.

### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Loka ætti betur af salernisaðstöðu barna og bæta lýsingu á plani við leikskólann.
- Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Leita þarf leiða til að auka aðkomu foreldra og barna að stefnumótun leikskólans.
- Huga þarf að því að endurskoða skólanámskrá þegar hugmyndafræði og áherslur leikskólans hafa verið endurskoðaðar.
- Gera þarf grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Uppfæra þarf upplýsingar í áfalla- og slysaáætlun Krakkaborgar.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun fyrir núverandi húsakynni, gera hana sýnilega á öllum deildum leikskólans og gera rýmingaræfingar reglulega.
- Gera ætti myndræna viðbragðsáætlun slysa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Afla þarf upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Æskilegt er að halda skrá yfir símenntun starfsmanna.
- Endurskoða ætti ferli um móttöku nýrra starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsfólk endurgjöf.
- Æskilegt væri að skoða samsetningu námsefnis og bókkakosts í tengslum við þróun uppeldisstarfsins.
- Ræða þarf hvort grundvöllur er fyrir að bjóða oftar upp á mat sem er unninn frá grunni í leikskólanum.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þáttöku barna og áhrif þeirra á skipulag leikskólastarfsins.
- Æskilegt væri að efla uppeldislegar skráningar í leikskólanum.
- Ritmál ætti að gera sýnilegra í leikskólanum og færa niður í augnhæð barnanna.
- Leggja ætti áherslu á að nýta betur þau tæki sem ætluð eru til rannsókna og vísinda.
- Æskilegt væri að setja samræmdar reglur fyrir leikskólann með aðkomu barnanna.
- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Leikskólastjóri þarf að boða til reglulegra funda með foreldraráði.
- Skrá þarf fundargerðir foreldraráðs og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

- Ræða þarf innan leikskólans hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi verkefnum fyrir elstu börnin.
- Æskilegt væri að gera skipulag sérkennslu skriflegt.
- Skrá ætti verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Móta ætti matsáætlun til lengri og skemmmri tíma og birta í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta starfshætti leikskólans og auka tækifæri starfsmanna til að ígrunda starfshætti sína.
- Leikskólinn ætti að leita leiða til að fá alla hagsmunaaðila, börn, foreldra og starfsmenn, að ákvörðunum um innra mat.
- Nota þarf fjölbreyttari aðferðir við öflun gagna í innra mati.
- Tryggja þarf að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta þarf greinargerðir um innra mat á heimasíðu leikskólans og greina styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Í starfsáætlun hvers árs komi fram tímasett umbótaáætlun sem byggir á innra mati síðastliðins árs.

## Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Krakkaborg leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf og metnaður er fyrir hendi hjá starfsmannahópnum að gera það enn betra. Vinna við að endurskoða hugmyndafræði og áherslur er hafin. Starfsmenn leggja metnað sinn í að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Í öllum samskiptum mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers og eins. Starfsandi í leikskólanum er góður og ákvörðunartaka og samstarf einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Börnunum líður vel og foreldrarnir eru ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er til fyrirmynðar. Áfram þarf að leita leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa. Einnig má auka áhrif barnanna á skipulag starfsins og þáttöku þeirra í ákvörðunum. Huga þarf að meiri formfestu í kringum starfsemi foreldraráðs. Auka þarf innra mat leikskólans og tryggja að raddir barnanna heyrist.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 4. nóvember 2015. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefud-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Aggression Replacement Training. Slóðin er: <http://aggressionreplacementtraining.com>

Áfalla- og slysaáætlun Krakkaborgar. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg19.pdf>

Foreldrahænbók Krakkaborgar. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg61.pdf>

Foreldrakönnun leikskóla 2014-2015: Krakkaborg.

Heimasíða leikskólans. Slóðin er: <http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg58.pdf>

Heimasíða leikskólans. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg60.pdf>

Lesvefurinn. Slóðin er: [http://lesvefurinn.hi.is/tengsl\\_lesturs\\_og\\_mals](http://lesvefurinn.hi.is/tengsl_lesturs_og_mals)

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Símtal við formann fræðslunefndar.

Skóladagatal Krakkaborgar 2015–2016. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg59.pdf>

Skólanámskrá Krakkaborgar. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg58.pdf>

Skóla- og frístundastefna Flóahrepps.

Starfsmannahænbók Krakkaborgar.

Starfs- og símenntunaráætlun Krakkaborgar skólaárið 2015-2016. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/krakkaborg/skjalasafn/krakkaborg60.pdf>

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.



